STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2005

27. maí 2005 1129 Nr. 514

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um sáðvöru.

1. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2004/55 frá 20. apríl 2004 öðlast hér með gildi hér á landi og birtist í fylgiskjali 1. Eftirfarandi ákvæði breytast í samræmi við tilskipunina:

1. Í stað texta um hávingulsrýgresi í 1. lið, grös, I. hluta I. viðauka í reglugerðinni kemur eftirfarandi texti:

Hávingulsrýgresi (Blendingar sem koma fram við víxl tegunda af ættkvíslinni *Lolium* (*x Festuloliuum*)	Festuca pratensis spp. x Lolium multiflorum spp.

2. Í 2. dálki 1. töflu b. um vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum í A-lið I. hluta 2. viðauka komi „80“ í stað „85“ í færslunni sem varðar *Vicia faba.*
3. Við athugasemdir í A-lið, I. hluta, 3. viðauka bætist eftirfarandi:
   „7. Þegar um er að ræða í 5. lið *x Festulolium* skal tilgreina nafn tegundanna innan ættkvíslanna *Festuca* og *Lolium*“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/55 sem tekin var inn í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2004. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Ingibjörg Ó. Vilhjálmsdóttir.

B 73
Gutenberg

Fylgiskjal.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/55/EB

frá 20. apríl 2004

um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ([1]), einkum 1. mgr. a í 2. gr. og 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 66/401/EBE er skrá yfir ættkvíslir og tegundir plantna sem teljast til fóðurjurta í skilningi þeirrar tilskipunar. Í þeirri skrá eru blendingar sem koma fram við víxl hávinguls (*Festuca pratensis* Hudson) og ítalsks rýgresis (*Lolium multiflorum* Lam).

2) Rýmka skal gildissvið tilskipunar 66/401/EBE þannig að hún nái yfir blendinga *Festuca* spp. og *Lolium* spp.

3) Með framangreindri tilskipun er, að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fræ verður að uppfylla, kveðið á um lágmarksspírunarhæfni (% af hreinu fræi) fyrir hestabaunafræ (*Vicia faba* L.).

4) Lágmarksspírunarhæfni hestabaunafræs (*Vicia faba* L.), sem næst nú í Bandalaginu, er minni en krafa er gerð um í tilskipun 66/104/EBE.

5) Því ber að breyta tilskipun 66/401/EBE til samræmis við þetta.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 66/401/EBE:

1. í stað orðanna í a-lið A-hluta 1. mgr. 2. gr.

„*Festuca pratensis* Hudson x *Lolium multiflorum* Lam.	Blendingur sem kemur fram við víxl hávinguls og ítalsks rýgresis (þ.m.t. Westerwold-rýgresi) (x *Festulolium*)“

komi eftirfarandi orð:

„*Festuca* spp. x *Lolium* spp.	Blendingar sem koma fram við víxl tegunda af ættkvíslinni *Lolium* (x *Festulolium*)“

2. Ákvæðum II. og IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í 2. dálki í töflunni í lið I.2.A í II. viðauka komi „80“ í stað „85“ í færslunni sem varðar *Vicia faba*.

b) Í 4. lið a-liðar og 4. lið c-liðar í I-lið A-liðar í IV. viðauka bætist eftirfarandi málsliður við:

„Þegar um er að ræða x *Festulolium* skal tilgreina nafn tegundanna innan ættkvíslanna *Festuca* og *Lolium*“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB (Stjtíð. EB L 165, 3.7.2003, bls. 23).